

Leiguskilmálar vetrarleigu AVIS

Almennir skilmálar:

1. Leigutaki samþykkir ákvæði leigusamningsins og skilmála með undirritun sinni á leigusamning þennan, sem leigutaki fær sent sem stafrænt eintak eða prentað afrit eftir beiðni.
2. Leigutaka er skylt að undirrita afrit af leigusamningi með stafrænni undirskrift sinni sbr. Lög nr. 28/2001 um rafræna undirskrift.
3. Viðskiptavinur er heimilt að afturkalla bókun verði ekki af viðskiptum meðal annars sökum greiðslumats, framboði á bifreið eða tímasetningu afhendingar. Viðskiptavinur getur farið fram á endurgreiðslu innborgunar með að hafa samband í 591 4000 eða með tölvupósti á langtimaleiga@avis.is. Innborgun er endurgreidd að fullu og tekur endurgreiðsla allt að 7 virka daga.
4. Viðaukar og breytingar á skilmálum og ákvæðum leigusamnings þessa ásamt ástandsskýrslu ökutækis þessa skulu vera skriflegar. Ef skipta þarf um bíl á leigutíma og um er að ræða breytingu er varir út leigutímann er leigusamning lokað og hann gerður upp og nýr samningur gerður.
5. Leiguskilmálar þessir eru samþykktir eins og þeir koma fram við undirritun. Skilmálar þessir geta tekið breytingum og má finna nýjustu leiguskilmála á vefsvæðinu avislangtimaleiga.is
6. Leigutaki skal tilkynna leigusala um aðsetursskipti um leið og þau verða. Sama á við ef breytingar verða á greiðslukortaupplýsingum greiðslukorts sem lagt er til tryggingar á greiðslum skv. samningi þessum.
7. Tilkynningar, innkallanir, riftun og aðrar kröfur leigusala eru sendar á tölvupóstfang sem gefið er upp af leigutaka á samningi þessum. Leigutaki er ábyrgur fyrir móttöku slíkra upplýsinga sem sannarlega hafa verið sendar á það tölvupóstfang sem leigutaki hefur staðfest með undirskrift sinni á samning þennan að sé rétt. Leigusali ber ekki ábyrgð á því ef tölvupóstfangi er lokað, því breytt eða það ónothæft af öðrum ástæðum.
8. Leiguverð tekur breytingum skv. vísitölu neysluverðs á hverjum tíma. Grunnvísitala neysluverðs er gildandi vísitala í þeim mánuði sem leiga hefst. Tryggingariðgjöld taka breytingum samkvæmt verðskrá tryggingarfélagi nema um annað hafi verið sérstaklega samið.
9. Leigusali getur óskað eftir greiðslu tryggingafjár. Tryggingaféð getur numið allt að sex mánaða leigugreiðslu og tryggingaiðgjaldi og greiðist leigusala áður en bíll er afhentur leigutaka.
10. Leiguverð getur tekið breytingum vegna ákvarðana yfirvalda, vegna nýrra laga eða breytinga á gildandi lögum. Svo sem vegna álagningar nýrra gjalda, skatta eða breytingum á álögum virðisaukaskatts.
11. Leigusala er heimilt að framselja leigusamning þennan til annars aðila, enda skerði slíkt framsal ekki réttarstöðu leigutaka sbr. lög. 161/2002.
12. Bent skal á að skjóta má ágreiningsmálum samningsaðila leigusamnings þessa til starfandi úrskurðarnefndar Neytendasamtakanna.
13. Rísi mál út af leigusamningi þessum skal málið rekið fyrir varnarþingi leigusala.

Söfnun og geymsla persónuupplýsinga:

14. Bílaleigan notast við persónuupplýsingar leigutaka til að veita honum þjónustu. Persónuupplýsingar geta innihaldið nafn leigutaka, fjölskyldumeðlima, starfsmanna eða annara sem hann tilgreinir við gerð samnings ásamt heimilisföngum þeirra, kennitölu, ökuskírteinisnúmeri, netfangi, símanúmeri osfrv.
15. Bílaleigan notast við persónuupplýsingar leigutaka til að ákvarða hvort hún skuli veita leigutaka þjónustu í framtíðinni, að fengnu ótvíræðu samþykki leigutaka fyrir slíkri notkun á persónuupplýsingum hans. Þar á meðal getur verið um að ræða lánshæfismat, kannanir og/eða aðra markaðssetningu í gegnum textaskilaboð og/eða tölvupóst.
16. Bifreiðin kann að vera útbúin skráningarbúnaði til þess að staðsetja bifreiðina. Leigutaki er þá sérstaklega upplýstur um að svo sé. Staðsetningargögn eru geymd á þann hátt að ekki er mögulegt persónugreina þau nema í þeim tilfellum sem eru talin hér upp:
 - a. Til að vernda lögmæta hagsmuni bílaleigunnar með því að finna bifreiðina verði henni stolið eða ekki skilað á umsamin skilastað sem eins og fram kemur í leigusamning. Ef um slys eða bilun er að ræða til þess að finna bifreiðina og koma í veg fyrir frekara tjón.
 - b. Til þess að tryggja öryggi leigutaka með því að senda út viðvörðun vegna sérstaklega hættulegra veðurskilyrða.
 - c. Til þess að veita leigutaka þjónustu með því að senda markaðssemi tengt staðsetningu hans og er það þá gert að undangengnu ótvíræðu samþykki leigutaka.
17. Bílaleigan mun afhenda persónuupplýsingar leigutaka, að því marki sem lög leyfa og nauðsyn krefur:
 - a. Löggæsluyfirvöldum, staðaryfirvöldum og bílastæðasjóði, hafi þessir aðilar rétt til slíkra upplýsinga samkvæmt lögum eða í tilgangi lögmætra hagsmuna bílaleigunnar, til dæmis til að framfylgja leigusamningnum milli aðila.
 - b. Þriðju aðilum sem starfa fyrir hönd bílaleigunnar við kröfustýringu eða innheimtu skulda sem leigutaki skuldar bílaleigunni.
 - c. Þriðju aðilum sem annast sannvottun á ökuskírteinum.
 - d. Þriðju aðilum sem framkvæma neytendakannanir fyrir hönd bílaleigunnar sem bílaleigan notar til að bæta þjónustu sína gagnvart leigutökum.

Leiguskilmálar vetrarleigu AVIS

- Gögn sem innihalda persónuupplýsingar eru geymdar á netþjónum innan EES svæðisins og dulkóðaðar til þess að lágmarka líkur á því að utanaðkomandi aðilar komist í þau. Leigusali viðheldur ávallt viðeigandi og fullnægjandi verklagi til þess að koma í veg fyrir óheimilan aðgang og misnotkun á þeim persónuupplýsingum sem við notum.
- Leigutaki hefur rétt til að biðja um aðgang að þeim persónuupplýsingum sem bílaleigan hefur um hann og, ef ástæða þykir til, biðja um að persónuupplýsingar séu leiðréttar, þeim breytt, sé lokað eða þær fjarlægðar. Við ákveðnar kringumstæður hefur leigutaki rétt til að mótmæla úrvinnslu á persónuupplýsingum, sem og rétt til að flytja eða eyða upplýsingunum. Leigutaki skal í þessu tilliti snúa sér til bílaleigunnar.
- Persónuupplýsingar leigutaka eru eingöngu geymdar eins lengi og þörf krefur til að uppfylla upprunalegan tilgang með söfnun þeirra. Eins og 7. grein laga nr. 65/2015 um leigu skráningarskyldra ökutækja kveður á um skal bílaleigan varðveita leigusamninginn í a.m.k. 3 ár. Í vissum tilfellum kunna persónuupplýsingarnar að vera geymdar í allt að sjö ár, í samræmi við lög um bókhald nr. 145/1994.
- Persónuupplýsingum barna er ekki safnað enda er börnum yngri en 16 ára ekki heimilt að nýta þjónustu okkar.
- Bílaleigan, ALP hf., eins og hún er nefnd í leigusamningnum, er ábyrgðaraðili þeirra persónuupplýsinga sem unnið er með. Samskiptaupplýsingar bílaleigunnar má finna í leigusamningnum.
- Leigutaki hefur rétt á að bera fram kvörtun til Persónuverndar ef hann telur að úrvinnsla persónuupplýsinga brjóti í bága við lög.

Afhending hins leigða:

- Leigusali ábyrgist afhendingu ökutækis á umsömdum tíma og að það fullnægi kröfum sem gerðar eru um það samkvæmt lögum.
- Leigusali skal kynna leigutaka efni leigusamnings þessa og sérstaklega þær skyldur sem hann tekur á sig með undirritun hans.
- Um aukabjónustu sem ekki er tilgreind í samning þessum gildir almenn verðskrá leigusala.
- Vilji leigusali takmarka sérstaklega notkun ökutækis með hliðsjón af útbúnaði þess og/eða ástandi vega skal það gert skriflega við undirritun leigusamnings þessa.
- Leigusali ábyrgist að vera ávallt með gilda starfsábyrgðartryggingu.
- Leigusali er ekki ábyrgur fyrir hvarfi muna eða skaða á þeim, sem leigutaki, eða einhver annar aðili, geymdi eða flutti í eða á ökutækinu.
- Leigutaki staðfestir með undirritun sinni á leigusamning og ástandsskýrslu ökutækis, ástand ökutækisins og fylgihluta þess þegar hann veitir því viðtöku.
- Kílómetrafjöldinn (km) sem ökutækinu er ekið meðan samningur þessi er í gildi, ákvarðast með álestri á venjulegan kílómetramæli sem fylgir ökutækinu frá framleiðanda. Leigutaki skal tilkynna leigusala svo fljótt sem auðið er, ef kílómetramælirinn er eða verður óvirkur á leigutímanum. Allar tilraunir til að breyta lestri kílómetramælisins eða aftengja hann er brot á leigusamningsamning.

Upphaf leigu:

- Leigusali áskilur sér rétt til að neita leigutaka um að taka bílinn á leigu áður en leigutaki veitir bifreiðinni móttöku jafnvel þó samningur hafi verið undirritaður.
- Leigutaki skal hafa gilt ökuskipti fyrir ökutækið sem tilgreint er á samningnum. Ökuréttindi skulu hafa verið gild í minnst eitt ár og þurfa að gilda út leigutímann eins og hann er tilgreindur á leigusamning.
- Ökutækið er afhent með fullan eldsneytistank og ber að skila því með fullum eldsneytistank með réttri tegund eldsneyti.

Meðferð hins leigða:

- Ökutækinu skal stjórnað og ekið gætilega og samkvæmt íslenskum umferðalögum.
- Ef leigutaki eða aðili á hans vegum verður uppvís að ölvunarakstri eða á annan hátt ófær um að aka ökutækinu samkvæmt ákvæðum umferðalaga áskilur leigusali sér rétt til þess að rifta samning og innkalla ökutækið.
- Ökumaður skal hafa náð 18 ára aldri.
- Leigutaki ber ábyrgð á tjóni gagnvart þriðja aðila sem ekki fæst bætt úr ábyrgðartryggingu ökutækisins.
- Leigutaka er óheimilt:**
 - að aka á vegum sem eru F-merktir á opinberum kortum ásamt Kjalvegi og um Kaldadal nema bílar í flokkum 4WD (fjór hjóladrífir bílar) sem leigusali samþykkir að séu hæfir á slíkum vegum. Bílum sem hafa rafhlöðu sem orkugjafa er ekki heimilt að aka áðurnefnda vegi. Brot gegn grein þessari heimilar leigusala að beita leigutaka féviti að upphæð kr. 100.000. Framangreint ákvæði um féviti hefur ekki áhrif á skyldu leigutaka til greiðslu skaðabóta vegna tjóns.
 - að nota hið leigða til æfingaaksturs án skriflegs samþykkis leigusala.
 - að lána ökutækið eða framleigja.
 - að nota ökutækið til flutninga á farþegum gegn greiðslu nema að ökutækið sé með gilt hópferðaleyfi og leigutaki hafi sannarlega réttindi og starfsleyfi til fólksflutninga.
 - að flytja bifreiðina úr landi.
 - að yfirgefa slysstað án þess að gera skýrslu eða kalla til aðila sem vottað geta um málsatvik. Þar sem árekstur, slys eða annað tjónsatvik hefur orðið skal leigutaki tafarlaust tilkynna um atburðinn til viðkomandi lögreglu yfirvalda og/eða

Leiguskilmálar vetrarleigu AVIS

árekstrarþjónustu arekstur.is. Leigutaki skal enn fremur tilkynna um atvikið til leigusala skriflega og senda myndir sem sýna umfang tjóns og kasta ljósi að einhverju leiti á málsatvik. Ekki má yfirgefa staðinn fyrr en skýrsla um atburðinn hefur verið rituð og undirrituð af bæði af ökumanni og öðrum, svo sem ökumönnum annara ökutækja eða af öðrum sem að málinu koma.

40. Tilkynni leigutaki ekki um tjón ber hann fulla ábyrgð á tjóni.
41. Leigutaki skal fylla út tjónaskýrslu að beiðni leigusala innan 7 daga frá skriflegri kröfu leigusala. Verði leigutaki ekki við þeirri kröfu má líta svo á að umrætt tjón hafi orðið á þann hátt að það falli utan við skilmála kaskótryggingar og ber leigutaki þá fulla fjárhagslega ábyrgð á því.
42. Leigusali ábyrgist ekki að leigutaki fái annað ökutæki til afnota sé leigutaki ábyrgur fyrir tjóni og er það háð skilyrðum leigusala.
43. Þurfi leigusali að sækja eða láta sækja ökutækið vegna atvika sem ekki eru á ábyrgð leigusala ber leigutaki allan kostnað vegna þessa skv. verðskrá eða útlögðum kostnaði leigusala hverju sinni. Þetta getur til dæmis verið vegna áreksturs eða annars tjónsatviks eða í tilviki bíla sem eru eldsneytis eða rafmagnslausir.
44. Reykingar eru bannaðar, leigusali getur sektað leigutaka ef reykt er í ökutækinu skv. verðskrá leigusala. Einnig getur leigusali rukkað leigutaka um þrifagjald vegna slæmrar umgengni eða ólyktar í ökutækinu t.d. vegna gæludýra.
45. Leigutaka er óheimilt að láta fara fram viðgerðir eða breytingar á ökutækinu og fylgihlutum þess eða leyfa nokkra veðsetningu á því.
46. Leigutaka ber að halda hinu leigða vel við og tilkynna leigusala um allar skemmdir og bilanir jafnóðum og þær verða. Akstur á biluðu ökutæki sem verður til þess að bilun ágerist eða skemmdir verði á ökutækinu eru ekki verndaðar af tryggingum og skal leigutaki bera fulla fjárhagslega ábyrgð á þeim viðgerðum.
47. Leigutaki skal greiða fyrir skemmdir sem verða á ökutækinu, á meðan ökutækið er í hans ábyrgð og ekki fást bætt úr kaskótryggingu ökutækisins eða ábyrgðartryggingu þriðja aðila.
48. Skemmdir sem verða á ökutækinu eru staðgreiðsluskyldar og greiðast samkvæmt verðskrá leigusala hverju sinni.
49. Leigusali tekur einn ákvörðun um viðhald og viðgerðir á ökutækinu.
50. Leigutaka er skylt að koma með bifreiðina til þjónustuskoðunar og/eða eftirlits eins og kveðið er á um í samningi þessum og láta leigusala annast viðhald og viðgerðir á hinu leigða. Leigutaki viðurkennir rétt leigusala til þess að kalla bifreið inn til skoðunar hvenær sem er á leigutímanum með 7 daga fyrirvara þar sem kannað er ástand bifreiðarinnar og mælastaða tekin.
51. Verði leigutaki uppvís að brotum á ákvæðum leigusamnings þessa, hefur leigusali rétt á því að innkalla ökutækið og rifta leigusamning. Tilkynning um riftun eða innköllun er send á tölvupóstfang það sem tilgreint er á leigusamning þessum. Verði leigutaki ekki við kröfu um skil á ökutækinu innan fjögurra daga getur leigusali tekið bifreiðina hvar sem til hennar næst og án aðfarargerðar. Leigutaki veitir í þessu skyni fullan aðgang að bifreiðinni og geymslustað hennar.
52. Leigutaki ber ábyrgð á því að færa ökutækið til bifreiðaskoðunar á réttum tíma. Kostnaður við bifreiðaskoðun er þó reikningsfærður á leigusala hjá eftirtöldum skoðunarstöðvum; Frumherji, Tékkland, Aðalskoðun. Vakin er athygli á því að vanrækslugjald er kann að vera lagt á bifreiðina sökum þess að hún hefur ekki verið færð til skoðunar skal greitt af leigutaka. Sé ökutækið ekki fært til bifreiðaskoðunar áskilur leigusali sér rétt til þess að innkalla bifreiðina samkvæmt 51. grein þessa samnings.
53. Bili ökutækið vegna eðlilegs slits eða af öðrum ástæðum sem ekki eru leigutaka um að kenna, og ökutækið sannarlega ekki í nothæfu ástandi, skal leigusali afhenda leigutaka annað ökutæki eða sjá til þess að viðgerð fari fram svo fljótt sem auðið er, á þeim stað sem leigusali ákveður. Framangreint hefur ekki áhrif á greiðslu leigugjalds eða annars sem leigutaka ber að greiða samkvæmt leigusamningi þessum. Leigusali greiðir engar bætur í þeim tilvikum sem að framan greinir, hvorki vegna gistingar, né annars.
54. Sé leigutaka afhent bifreið í stað hinnar leigðu vegna viðhalds, bilana eða tjónaviðgerðar ber honum að skila henni innan 3 daga frá skriflegri kröfu leigusala um það. Verði leigutaki ekki við þeirri kröfu áskilur leigusala sér rétt til þess að gjaldfæra leigu vegna auka bifreiðarinnar samkvæmt verðskrá leigusala hverju sinni.

Skil á hinu leigða:

55. **Leigutaki skal skila ökutækinu:**
 - a. ásamt öllum fylgihlutum (þ. m. t. hjólbörðum, verkfærum, rafmagnstenglum, hleðslunúrum og bílstólum) í sama ásigkomulagi og það var við móttöku að undanskildu eðlilegu sliti vegna notkunar. Leigutaki samþykkir að greiða samkvæmt verðskrá leigusala einstaka hluta sem eru skemmdir eða fylgja ekki við skil.
 - b. á opnunartíma skrifstofu leigusala. Skil á ökutæki utan opnunartíma skrifstofu leigusala getur ekki talist skil samkvæmt ákvæðum leigusamnings þessa enda hefur leigusali þá ekki færi á því að yfirfara ástand ökutækisins og skrá ökutækið sem mótttekið í tölvukerfi sínu.
 - c. til aðseturs leigusala nema um annað hafi verið samið og það staðfest skriflega.
 - d. með fullum eldsneytisgeymi af eldsneyti. Ef ökutæki er ekki skilað með fullum eldsneytisgeymi af eldsneyti er leigusala heimilt að gjaldfæra leigutaka fyrir það eldsneyti sem vantar til að geymir sé fullur skv. verðskrá leigusala auk þjónustugjalda.
 - e. Í tilviki rafmagnsbíla skal skila ökutækinu með að minnsta kosti 80% hleðslu. Sé það ekki gert hefur leigusali heimild til þess að leggja á hleðslugjald að upphæð 15.000 kr.

Leiguskiðmálar vetrarleigu AVIS

56. Við lok tímabils leigusamnings þessa er leigusamning þessum lokið og hinu leigða skal skilað. Ef bifreiðinni er skilað meira en 3 dögum eftir að leigusamning er lokið breytist umsamið leiguverð smkv samning þessum í daggjöld að upphæð 15.000 kr. fyrir hvern dag sem bifreiðinni er ekki skilað.
57. Óski leigutaki eftir því að leigja bifreiðina áfram eftir að samning er lokið skal hann óska eftir því skriflega með því að senda tölvupóst á avis@avis.is og fær hann eftir atvikum boð um að gera nýjan leigusamning á þeim verðum sem leigusali býður á þeim tíma. Ósk leigutaka um að leigja bifreiðina áfram hefur ekki áhrif á álagningu daggjalda smkv 56.gr. Leigusala er heimilt að neita leigutaka um nýjan leigusamning.
58. Leigutaki samþykkir að greiða leigusala samkvæmt kröfu öll útgjöld, sem leigusali verður fyrir, ef hann þarf að koma ökutækinu til baka til aðseturs leigusala hafi það verið skilið eftir eftirlitslaust, án tillits til ástands ökutækisins, vega eða veðurs.
59. Tryggingafé samkv. 7. Gr. er endurgreitt leigutaka að leigutíma loknum að frádregnu kostnaðaruppgjöri.
- Óski leigutaki eftir að skila inn ökutæki áður en samningstími er liðinn skal fara fram uppgjör á leigu auk riftunargjalds sem nemur 1 mánaða leigu að viðbættum líðandi mánuði.

Tryggingar:

60. Samningur þessi inniheldur kaskótryggingu sem takmarkar í ákveðnum tilfellum, fjárhagslega ábyrgð leigutaka vegna tjónstílvika sem ekki fást bætt úr hendi þriðja aðila, þ.m.t. í gegnum ábyrgðartryggingu. Vátryggjandi er Tryg Forsikring A/S – fyrirtækjanúmer 989 563 521. Heimilisfang: Folke Bernadottes vei 50, Postboks 7070, 5020 Bergen, Noregur.
61. Ökutækið er vátryggt með lögboðinni ökutækjatrýggingu. Um vátryggingar þessar gilda skilmálar Sjóvá Almennar nr. 220 um ökutækjatrýggingu sem felur í sér ábyrgðartryggingu auk slysatryggingu ökumanns og farþega. Vátryggingaskilmálar eru m.a. aðgengilegir á heimasíðu Sjóvá Almennar, sjova.is
62. Ábyrgðartrygging gagnvart þriðja aðila nemur þeirri upphæð sem íslensk lög kveða á um hverju sinni sbr. 61.gr.
63. Kaskótrygging bætir tjón á ökutækinu eins og nánar er kveðið á um í samning þesum sbr. 60.gr. leigutaki greiðir eigin áhættu í hverju tjónstílviki sem er nánar tilgreind á framhlið samnings þessa. Bótaskylda úr kaskótryggingu ökutækisins er háð skilmálum í samning þessu, sjá nánar í 67. grein.
64. Verði tíðni tjóna umtalsvert meiri en almennt gerist áskilur leigusali sér rétt til að hækka sjálfsábyrgð í hverju tjóni upp í allt að kr. 440.000, að undangenginni skriflegri tilkynningu þar um til leigutaka og / eða rifta leigusamningi.
65. Að því marki sem tjón á ökutæki fæst ekki bætt úr kaskótryggingu ökutækisins eða úr hendi þriðja manns, þ.m.t. ábyrgðartryggingu, ber leigutaki fulla ábyrgð á hverju tjóni sem verður á ökutækinu og getur ábyrgð hans numið allt að fullu verðgildi ökutækisins og viðbættum kostnaði vegna flutnings, tjónamats og vinnu við kröfugerð. Leigutaki samþykkir með undirskrift sinni á þennan samning að greiða að fullu allan kostnað vegna tjóns eða skemmda á ökutækinu skv. verðskrá eða verðmati frá leigusala.
66. Kaskótryggingin, bætir skemmdir á ökutækinu af völdum skilgreindra tjónstílvika sem verða með skyndilegum og óvæntum hætti. Leigutaki skal skila skýrslu sem leigusali dæmir fullnægjandi og skal skýrslan sýna fram á að skilmálar kaskótryggingar eigi sannarlega við í því tjónstílviki sem um ræðir.
67. **Tjónstílvik sem kaskótrygging nær ekki yfir:**
- tjón verður ef ökumaður hefur ekki öðlast réttindi til að aka ökutæki því sem um ræðir eða misst réttindi til að aka því.
 - tjón sem verður við kappakstur, aksturskeppni, eftirför, reynsluakstur eða æfingar fyrir slíkan akstur, nema um annað sé samið.
 - um er að ræða akstur þar sem bannað er að aka ökutækinu, svo sem ef ekið er annars staðar en á vegum landsins, á túnum, engjum, í snjósköflum, á ís, yfir óbrúaðar ár eða læki, um fjörur, forvaða, vegatroðninga og/eða aðrar vegleysur, þó að því undanskildu er skemmdir verða þegar ökumaður hefur neyðst til að aka út af akbraut, misst stjórn á ökutækinu eða til þess að forða árekstri við annað ökutæki eða vegfarenda.
 - tjón sem aðeins verða á rafhlöðum, hleðsluinnstungum eða rafmótorum rafmagns og tvinnbíla. Slík tjónstílvik geta verið en eru ekki takmörkuð við; ranga hleðslu, árekstur, akstur á grófum vegum eða önnur tilvik þar sem undirvagn ökutækis verður fyrir hnjaski. Þessi undanþágugrein gildir ekki um útafskstur sem sjálfstætt óhapp.
 - skemmdir hljótast af því að ökutæki er ekið í vatni eða sjó.
 - ökutækið er notað til annars aksturs en til þess sem getið er um í skráningarskírteini ökutækisins.
 - samningur hefur fallið úr gildi vegna vanskila á iðgjaldi, leigugjaldi eða vegna uppsagnar.
 - skemmdir verða af efnisgalla hönnunargalla, smíðisgalla, viðgerðargalla eða bilunar ökutækisins, þó bætast skemmdir sem hljótast af þessum orsökum á öðrum hlutum ökutækisins ef um áakstur, árekstur, veltu eða útafakstur er að ræða.
 - hvers kyns tjón sem verða á undirvagni ökutækis og öðrum búnaði þess, þegar ökutæki rekst niður í akstri svo sem á hryggi eftir veghefla, hraðahindranir, ristarhlið, holur í vegi, jarðföstu grjóti eða torfæru hvort sem er utan vega og slóða eða ekki. Hér með talin til dæmis bilun á ásum, fjöðrum, gírkassa, drifi, rafgeymi, rafhlöðum, rafmótorum og öðrum hlutum í eða á undirvagni ökutækisins, m.a. hjólbörðum og felgum. Hið sama gildir um skemmdir er verða þegar laust grjót hrekkur upp undir ökutæki í akstri. Þessi undanþágugrein gildir ekki um útafakstur sem sjálfstætt óhapp.
 - vátryggðum og þeim sem með samþykki vátryggðs er ábyrgur fyrir ökutækinu ber að geyma það þannig að ekki sé hætt á að það fjúki í slæmum veðurskilyrðum. Ekki skal nota ökutækið við akstur á svæðum þar sem varað hefur verið við

Leiguskilmálar vetrarleigu AVIS

akstri ökutækisins vegna óveðurs eða þar sem vindstyrkur mælist sannanlega yfir 24,5 m/sek, samkvæmt mælingum Veðurstofunnar.

- k. skemmdir sem eingöngu verða á innréttingu ökutækis svo sem á sætum, mælaborði, hurðaspjöldum, teppum osfrv.
 - l. skemmdir sem eingöngu verða á toppi ökutækis.
 - m. ökutækið er fengið í hendur aðila sem er ölvaður, eða á annan hátt ófær til að aka ökutæki skv. (samkvæmt) 48. gr. umferðarlaganna með síðari breytingum.
 - n. tjón sem verður vegna hefðbundinnar umgengni, svo sem reykinga og neyslu matar og drykkjar í ökutækinu.
 - o. skemmdir á vél eða drifbúnaði sem hljótast af rangri notkun eða skorts á kælimiðli, smurólú, gírolú, eldsneyti osfrv. Einnig tjón sem verður vegna rangrar hleðslu í tilviki rafmagnsbíla og tvinnbíla.
 - p. tjón sem verður vegna flutnings á hvers konar farmi nema að um umferðaróhapp sé að ræða.
 - q. skemmdir hljótast af völdum náttúruhamfara svo sem eldgoss, jarðskjálfta eða sandfoks.
 - r. tjón sem rakið verður til stríðs, óeirða, uppþots, verkfallsaðgerða eða annarra sambærilegra atburða.
 - s. skemmdir hljótast af völdum kjarnorku, jónandi geislunar og geislavirkra efna.
 - t. tjón sem verður af völdum dýra.
68. Ágreining varðandi bótaskyldu vegna umferðaróhappa, ábyrgðartryggingar eða slysatryggingar má skjóta til úrskurðarnefndar í váttryggingarmálum.

Greiðslur:

69. Umsamið leiguverð og tryggingaiðgjald er innheimt fyrirfram með boðgreiðslusamningi og eða innheimtukröfu í netbanka. Boðgreiðslusamningur er hluti samnings þessa. Innifalið í greiðslu er leigugjald, umsaminn akstur, tryggingar, bifreiðagjöld, hefðbundið viðhald sem myndast við eðlilega notkun ss. smurþjónusta og reglubundnar þjónustuskoðanir. *Þjónusta vegna dekkjaviðgerða og umfelgana ef dekk springur er ekki innifalin í leiguverðinu svo og viðgerðir vegna bilunar sem orsakast af óeðlilegu sliti eða slæmri meðferð ökutækis.*
70. Leigutaka stendur til boða að fá nagladekk á því tímabili sem heimilt er samkvæmt lögum. Framboð á negldum hjólbörðum er háð því að leigutaki hafi pantað slíkt þegar samningur var upphaflega gerður eða geri viðauka við leigusamning að lágmarki 1 mánuði áður en dekkjaskipti fara fram. Greiðslu er krafist fyrir notkun á negldum hjólbörðum samkvæmt verðskrá leigusala hverju sinni.
71. Leigusali innheimtir gjald smkv verðskrá sinni fyrir akstur umfram það sem skráð er á og er innifalinn í leigusamning. Ef notkun fer umfram innifalinn akstur skal leigutaki greiða aukalega gjald sem verður innheimt af leigusala skv. samkomulagi hans við leigutaka, þó aldrei síðar en í lok leigutíma. Innheimta þessa gjalds er aðskilin frá innheimtu svokallaðs kílómetragjalds sem hið opinbera e.t.v. innheimtir. Leigutaki skal greiða leigusala öll notkunar tengd gjöld sem lögð eru á eftir akstursmæli ökutækisins. Gjöld þessi skulu greidd mánaðarlega til leigusala samkvæmt áætlun byggða á fjölda kílómetra sem leigusamningur tilgreinir. Bæði leigusala og leigutaka er heimilt að óska eftir aðlögun á þessari áætlun og skal það þá gert með álestri á akstursmæli bifreiðarinnar. Við lok leigusamnings er gert lokauppgjör vegna innheimtu gjalda fyrir ekna kílómetra.
72. Uppgjörsgreiðsla verður innheimt með lokagreiðslu boðgreiðslusamnings eða eftir nánara samkomulagi milli aðila þar um.
73. Óski leigutaki eftir annarri þjónustu en samningur þessi tekur til skal hann greiða fyrir hana skv. gjaldskrá leigusala.
74. Leigutaki er ábyrgur fyrir öllum stöðumælasektum, sektum fyrir umferðarlagabrot, veggjöldum, vanrækslugjöldum vegna bifreiðaskoðunar og annars kostnaðar sem til getur fallið. Leigusala er heimilt að taka þjónustugjald skv. verðskrá sinni í samræmi við verðlista fyrir meðhöndlun sektagreiðslna og fyrir að veita upplýsingar vegna umferðarlagabrota. Innheimtar sektir og þjónustugjöld verða skuldfærðar á greiðslukort leigutaka eða á viðskiptareikning hans.
75. Fáist ekki skuldfærsluheimild á greiðslukort skv. boðgreiðslusamningi er samningur komin í vanskil. Greiði leigutaki ekki leiguna og aðrar greiðslur sem gjaldfallnar eru og honum ber að greiða á gjalddaga, skal hann greiða bílaleigunni hæstu lögleyfðu dráttarvexti af hinni vangreiddu fjárhæð auk kostnaðar skv. framlagðri gjaldskrá bílaleigunnar ásamt öðrum kostnaði sem af getur hlotist, svo sem lögfræði- eða málskostnað. Dráttarvextir eru ákvarðaðir skv. ákvæðum III. kafla laga nr. 38/2000 um vexti og verðtryggingu, með síðari breytingum, af gjaldfallinni fjárhæð og kostnaði. Falli leigusamningur í vanskil er leigusala heimilt að rifta samning smkv 80. gr.
76. Fyrirtæki og rekstraraðilar geta óskað eftir reikningsviðskiptum. Um þau gilda skilmálar ALP hf. um reikningsviðskipti og er sótt um þau sérstaklega.
77. Leigusali áskilur sér rétt til þess að breyta leiguverði til samræmis við gildandi lög og reglur um virðisaukaskatt á hverjum tíma.
78. Leigusamningur þessi er tímabundinn og óuppseigjanlegur, leigutaki getur ekki skilað leigumun fyrir en í lok leigutíma án lokagjalds skv. gr. 59 í samningi þessum.
79. Leigusala er heimilt að gjaldfæra á greiðslukorti leigutaka leigugjald og annað sem leigutaka ber að greiða samkvæmt leigusamningi þessum, svo sem greiðslur vegna tjóns sem verður á ökutæki á meðan það er í vörslu leigutaka og skal leigusali einn hafa ákvörðunarvald um hvenær það skuli gert, og hvort það sé gert í einu lagi eða ekki. Réttur þessi stendur óhaggaður í 6 mánuði eftir að ökutæki hefur verið skilað til leigusala.

Riftun:

Leiguskilmálar vetrarleigu AVIS

80. Leigusala er heimilt að rifta samningi og eða samningum við leigutaka án fyrirvara verði vanefnd af hálfu leigutaka eða brjóti hann einhverja grein samnings þessa. Sem dæmi má nefna:
- Ef leigutaki innir ekki af hendi tilskildar greiðslur, samkvæmt samningi þessum á umsömdum gjalddögum.
 - Ef leigutaki vanrækir að koma með hið leigða til skoðunar skv. tilmælum samnings, vanrækir viðhald eða viðgerð á tjóni skv. samningnum eða hlítir ekki að öðru leyti skilyrðum samnings þessa um meðferð á hinu leigða.
 - Ef leigutaki eða einhver annar er tekinn fyrir ölvun við akstur á bifreiðinni og/eða leigutaki er sviptur ökuleyfi.
 - Ef leigutaki verður uppvís af óeðlilegri tjónasögu á ökutæki.
 - Ef leigutaki vanrækir skyldur sínar við tilkynningu tjóns á ökutæki.
81. Þá er leigusala heimilt að segja samningi þessum upp án fyrirvara séu eftirtaldar ástæður utan samnings fyrir hendi:
- Ef bú leigutaka er tekið til gjaldþrotaskipta eða hann leitar nauðasamninga eða greiðsluaðlögunar við kröfuhafa sína.
 - Ef einhverjar þær breytingar eru gerðar á rekstri eða skipulagi hjá leigutaka er komið geta í veg fyrir að hann fullnægi skuldbindingum sínum samkvæmt samningi þessum.
 - Komi til vanskila er leigusala heimilt að nýta tryggingafé sem innágreiðslu upp í vanskil. Um leið og tryggingafé hefur verið nýtt til uppgjors vanskila getur leigutaki endurnýjað tryggingaféð með því að greiða upp eftirstöðvar vanskila og lagt fram nýtt tryggingafé. Ef ekki, verða riftunarákvæði leigusamninga virk. Um lok leigusamninga fyrir umsamin samningslok er innheimt skv. skilmálum leigusamninga.
82. Uppgjör milli leigusala og leigutaka vegna loka eða riftunar fer fram með þessum hætti:
- Leigutaki skal greiða allar gjaldfallnar og ógjaldfallnar leigugreiðslur svo og áfallin gjöld á leigutíma, ásamt dráttarvöxtum.
 - Leigutaki skal greiða allan kostnað vegna riftunar samnings og vegna innheimtuaðgerða, þ.m.t. innheimtu- og málskostnað lögmanns skv. gjaldskrá hans, ásamt skaðabótum vegna tjóns er leigusali kann að verða fyrir vegna þess að samningi er rift fyrir lok leigutíma. Leigusali getur þó ekki krafist bóta nema samningi sé sagt upp vegna vanefnda leigutaka.
 - Dráttarvextir vegna riftunar reiknast af heildarkröfu hafi uppgjör ekki farið fram innan 15 daga frá því samningi var sagt upp eða rift.
83. Hvorugur samningsaðili leigusamningsins ber ábyrgð gagnvart hinum á töfum eða misbrestri á að uppfylla samningskyldur sínar samkvæmt samningnum og skilmálum hans, að undanskyldri skyldunni til að greiða peninga, sem verða vegna óviðráðanlegra ytri atvika, þar á meðal en ekki eingöngu vegna eldsvoða, jarðskjálfta, eldinga, verkfalla, vinnustöðvunar, styrjaldar, uppreisnar eða hryðjuverka (óviðráðanleg ytri atvik (force majeure)). Þetta gildir meðan á slíku atviki stendur og í þann tíma á eftir sem er sanngjarnt að ætla aðilanum til að halda áfram að framfylgja samningnum. Sá aðili sem ekki getur framfylgt skyldum sínum skal tilkynna hinum aðilanum um það komi til óviðráðanlegra ytri atvika (force majeure).